

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Brattholt, lóð, L193452, skilgreindur byggingarreitur og byggingarmagn.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Brattholts, L193452. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir sand- og vélaskemmu. Byggingarreitur er staðsettur innan marka friðlandsins við Gullfoss. Göngustígur verður felldur niður sunnan núverandi lóðar.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. mars 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. maí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. júní 2025